

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2022-2023

Leikskólinn: Marbakki

Tengsl við námskrá: Starfsáætlun er unnin í góðum tengslum við námskrá og einkunnarorð, sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Endurskoðun skólanámskrár er í vinnslu og starfshátta til að tengja betur hugmyndafræði Reggio inn í allt skólastarfið ásamt því að kryfja hvernig unnið er með lýðræði, jafnrétti og mannréttindi.

Endurmat – Umbótaáætlun: Í Marbakka er lögð áhersla á að afla gagna á mati á skólastarfinu með fjölbreyttum hætti, frá foreldrum, börnum og starfsfólki í formi viðhorfskannana, endurmatssamtala, skimana, rýnihópaviðtala við börn, ferlimappa, sjálfsmats deilda, samræmdum matsblöðum leikskóla Kópavogs og umræður um starfið. Gögnin eru síðan notuð við gerð mats- og umbótaáætlana. Umbótaáætlun og ítarleg sjálfsmatsskýrsla fylgja starfsáætlun og eru niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Símenntunaráætlun: Ítarleg símenntunaráætlun skólans er til staðar og tekið er fram að starfsfólk fer á námskeið sem nýtast skólastarfinu, reynt er að hliðra til og sýna sveigjanleika til að gera þeim það kleift. Skipulagsdagar eru jafnframt nýttir til að efla fagþekkingu starfsfólks, styrkja starfshópinn, skipulag starfsins og innleiða breytingar. Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2023.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Skólastarfið er í stöðugri þróun og þróunarverkefni nýtt til efla skólastarfið enn frekar. Á skólaárinu verður lögð höfuðáhersla á að skapa gott samstarf milli allra starfsmanna í leikskólanum og mynda lærdómssamfélag sem hverfist um nám og þroska nemendanna. Leikskólinn hlaut þróunarstyrk frá leikskóladeild Kópavogsbæjar til að þróa teymisvinnu starfsmanna á deildum, að skapa betra samstarf byggt á trausti milli allra starfsmanna og efla lærdómssamfélagið í Marbakka. Leikskólinn er hluti af Erasmus + þróunarverkefni um sjálfbærni til menntunar þar sem aðstoðarleikskólastjóri mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og soun

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Í gegnum lýðræðis- og mannréttindaáherslur leikskólans er unnið með Barnasáttmálann og Heimsmarkmið SP, bæði í gegnum sérstök verkefni og í daglegu starfi. Unnið er til að mynda með flokkun úrgangs á öllum deildum, efniviður endurnýttur og skipulag matstofu stuðlar að minni matarsoun.

Börn: Horft er á hið hæfileikaríka barn þar sem virkni og áhugahvöt hvers og eins er drifkraftur í námi þess. Áhersla lögð á að börnin fái tækifæri til að þroska öll sín skilningarvit með fjölbreyttu námsumhverfi þar sem vellíðan barna, lýðræði, sköpun, virðing, jákvæð og uppbyggilega samskipti og trú á getu þeirra og færni eru í fyrirrúmi þar sem náttúran í kring er uppspretta möguleika til náms.

Starfsmenn: Ítarlegt endurmat var gert á starfi síðasta skólaárs og þar komu fram sterkar vísbendingar um að til að þróa starfið í Marbakka þurfi að skapa betra samstarf byggt á trausti milli allra starfsmanna. Leitast verður við að styrkja lýðræðislegt samstarf og virkja mannauð í Marbakka í gegnum leiðtogahlutverk starfsmanna í anda lærdómssamfélags, skapa góð samskipti byggða á virðingu, jafnrétti og heiðarleika. Lögð verður áhersla á að efla allt starfsfólk í starfsaðferðum leikskólans og skapa lærdómssamfélag þar sem starfsmenn læra saman, hvert af öðru og á sínum

forsendum. Jafnframt er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum, móttökuáætlun til staðar, lesefni og ýmis viðtöl til að auðvelda þeim að setja sig inn í starfið.

Foreldrar: Foreldrar eru hvattir til virkrar þátttöku í starfi leikskólans, þeir eru alltaf velkomnir og frjálst að vera í sambandi og koma hugmyndum sínum á framfæri. Áhersla er góð dagleg samskipti og að efla enn frekar gott upplýsingastreymi til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi á milli foreldra og leikskóla.

Annað: Nýtt stjórnendateymi tók við leikskólanum fyrir um ári síðan og í kjölfar þess urðu breytingar á starfsmannahópnum sem höfðu þó nokkur áhrif á skólastarfið en tækifæri felast jafnframt í breytingum og í skólastarfi er grundvallaratriði að stöðugt sé unnið að þróunarstarfi svo menntun og ummönnun barnanna nái að blómstra. Einhugur er í stjórnendum að endurheimta gæðaorðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli og kynna leikskólann betur fyrir foreldrum og samfélaginu.